



Embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

1	Ráðning leikskólastjóra í Múlaborg: Kristín Árnadóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri í Múlaborg.
2	Umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. nóvember 2023, vegna umsóknar um leyfi til að gerast dagforeldri.



Reykjavík, 6. nóvember 2023
SFS23110033

UMSÖGN

Viðtakandi: Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, Suðurlandsbraut 24.

Sendandi: Suðurmiðstöð, skóla- og frístundadeild í Breiðholti, Álfabakki

Efni: Umsögn vegna umsóknar um leyfi til að gerast dagforeldri, skv. 7. gr. laga um gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021 - Tilvísun GEV: 23090050

Vísað er til beiðni Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, dags. 18. september 2023, vegna umsóknar um útgáfu leyfis fyrir dagforeldri skv. 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005 frá Svandísi Huldu Gunnarsdóttur kt. 0206703479, sem hyggst starfrækja daggæslu að Smáraríma 43, 112 Reykjavík. Um vinnslu persónuupplýsinga er vísað til 22. gr. laga um gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, nr. 88/2021.

Eru eftirfarandi upplýsingar veittar á grundvelli ofangreinds:

Svandís Huld Gunnarsdóttir, kt. 020670-3479, hefur sótt um leyfi til að gerast dagforeldri og starfa við daggæslu barna í heimahúsi á heimili sínu: Smáraríma 43, 112 Reykjavík. Guðmundur Jóhann Gíslason, kt. 060964-4249 er sambýlismaður Svandísar og samkvæmt þjóðskrá og upplýsingum frá Svandísi eru þau tvö á þessu heimilisfangi. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála hefur veitt Svandísi leyfi til að starfa sem stuðningsfjölskylda á þessu heimilisfangi. Að sögn Svandísar eru það hennar barnabörn sem eru stundum hjá henni og er hún stuðningsfjölskylda fyrir þau. Barnabörnin eru á grunnskólaaldri og eru þau með sér svefnherbergi heima hjá Svandísi. Svandís Huld segist hafa starfað sem dagforeldri í Reykjavík frá 1998 til 2001 og Hafnarfjörður hafi gefið út starfsleyfi til hennar 2001 – 2003. Svandís segist hafa lokið starfsréttindanámskeiði fyrir dagforeldra á sínum tíma og verið með fimm barna leyfi. Á þessum árum voru gögn ekki vistuð á rafrænu formi og erfitt er að nálgast svo gömul gögn. Því miður hefur ekki tekist að finna gögn frá þessum árum.

Húsnæði og aðbúnaður barna:

Arna Hrönn Aradóttir og Katrín S. Jóhannsdóttir daggæsluráðgjafar í Suðurmiðstöð fóru í úttekt á heimili Svandísar þann 31.10.2023 kl 10:15. Í September og Október höfðu daggæsluráðgjafar reynt að hringja í Svandísi og sent tölvupósta til hennar en ekki náði í hana. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála var upplýst um það með tölvupósti þann 10.10.2023.

Svandís Huld Gunnarsdóttir býr í Smáraríma 43 sem er einbýlishús á einni hæð og er Svandís eigandi hússins. Íbúðarhluti hússins er um 153 fermetrar og bílskúr um 34 fermetrar. Daggæslan verður í íbúðarhluta hússins og talar Svandís um að nota allt húsið fyrir daggæsluna, nema herbergi sem börn mega ekki vera í. Stofa, hol og gangur er bjart, opið og rúmgott rými sem væri hentugt fyrir daggæsluna og uppfyllir skilyrði sem sett eru í Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsi (<https://island.is/reglugerdir/nr/0907-2005>). Gólfíð er flotað og mikilvægt er að vera líka með mýkra undirlag svo sem stamar gólfmottur eða annað. Fjögur svefnherbergi eru í húsinu og eru tvö þeirra í notkun. Hægt væri að nota eitt auka herbergið sem svefnaðstöðu fyrir börn sem eru í daggæslu og þar gætu börnin sofið á dýnum á gólfi eða í barnarúmum / ferðarúmum. Lokaður einkagarður er við húsið og er bæði hægt að ganga út á pall úr stofu og út á gras við aðaldyr. Á Borgarvefsjá (<https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>) má finna teikningar að húsnæðinu sem fylgja þessari umsögn (aftasta blaðsíðan).

Samkvæmt upplýsingum frá Svandísi er eldvarnareftirlit / Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins búið að taka út aðstæður og gefa samþykki. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála ætti að hafa þau gögn.

Svandís Huld stefnir á að hefja störf í janúar 2024 og er ekki búin að skipuleggja daggæsluna að fullu. Farið var yfir reglugerð og það sem Svandís þarf að hafa í huga áður en hún kemur til starfa. Mælt er með að daggæsluráðgjafi heimsæki Svandísi áður en hún kemur til starfa og taki út aðstæður, leikefni við og aðra þætti daggæslunnar.

Afstaða skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

Fyrirliggjandi gögn gefa ekki tilefni til annars en að mælt sé með starfsleyfi umsækjanda til daggæslu í heimahúsi.

Vinsamlegast hafið samband við tengilið skóla- og frístundasviðs ef óskað er eftir nánari upplýsingum; Katrín S. Jóhannsdóttir, daggæsluráðgjafi leikskóladeild. Suðurmiðstöð, skóla og frístundadeild Breiðholts (SFB), Álfabakki 10, 109 Rvk, S: 411-1300 og gsm: 863-5459, netfang: katrin.s.johannsdottir@reykjavik.is

